

Útdráttur: Inngilding íbúa með erlendan bakgrunn í Uppsveitum Árnassýslu – Niðurstöður íbúafunda og könnunar 2024

Verkefnið um inngildingu íbúa með erlendan bakgrunn í Uppsveitum Árnassýslu var unnin í samstarfi byggðarþróunarfulltrúa Uppsveitanna, og verkefnastjóra Heilsueflandi Uppsveitir. Einnig kom fyrirverandi heilsu- og tómstundafulltrúi Grímsnes- og Grafningshrepps að verkefninu og líka var fengin sérfræðingur í inngildingu og málefnum innflytjenda, Nichole Leigh Mosty, til að koma með faglega ráðgjöf.

Meginmarkmið verkefnisins var að kanna upplifun og aðlögun íbúa með erlendan bakgrunn, ásamt því að leggja fram tillögur um aðgerðir til að efla samfélagslega þátttöku þeirra. Könnun var framkvæmd á netinu og haldnir voru fjórir íbúafundir og varpa niðurstöður þeirra ljósi á áskoranir og tækifæri til að bæta aðlögun nýrra íbúa í Uppsveitunum.

Helstu niðurstöður verkefnisins benda til þess að margir íbúar, bæði innfæddir og íbúar með erlendan bakgrunn, upplifi takmarkaða þátttöku og takmarkað aðgengi að upplýsingum og þjónustu. Þátttakendur kalla eftir aukinni íslenskukennslu, bættri upplýsingagjöf og fleiri tækifærum til félagslegrar þátttöku. Sérstök áhersla er lögð á mikilvægi þess að þróa sameiginlega upplýsingasíðu fyrir öll sveitarfélögin, þar sem nauðsynlegar upplýsingar eru aðgengilegar fyrir alla íbúa óháð tungumálafærni.

Aðgerðir sem lagðar eru til fela m.a. í sér móttökuáætlun fyrir nýja íbúa, aukinn stuðning varðandi íslenskunám, félagslega viðburði og stofnun innflytjendaráðs. Samráðsfundirnir sýndu fram á að sveitarfélögin þurfa að styrkja inngildingu, jafnt með upplýsingamiðlun sem og aðgerðum til að skapa samfélag þar sem allir íbúar fá jöfn tækifæri til þátttöku.

Fjármögnun og stuðningur við áframhaldandi verkefni

Verkefnið um inngildingu íbúa með erlendan bakgrunn í Uppsveitum Árnassýslu hlaut styrki frá Uppbyggingarsjóði Suðurlands og Lýðheilsusjóði, sem gerði það mögulegt að hefja mikilvægar aðgerðir. Hins vegar er frekari fjármögnun nauðsynleg til að tryggja áframhaldandi þróun og innleiðingu þeirra aðgerða sem lagðar eru til í skýrslunni. Sérstaklega er mikilvægt að tryggja fjármagn til ráðningar fjölmenningarfulltrúa sem myndi leiða verkefnið, auk þess að þróa og viðhalda miðlægre upplýsingavefsíðu fyrir alla íbúa. Fjárfesting í betri upplýsingamiðlun og inngildingu stuðlar að sterkari samfélagslegri tengingu, aukinni virkni íbúa og betri aðlögun nýrra íbúa.

Áframhaldandi samráð og þróun samfélagsins

Á fundunum komu þátttakendur sér saman um 10 lykilatriði sem þeir töldu að myndu stuðla að því að sveitarfélögin í Uppsveitum Árnessýslu gætu orðið fyrirmyndarsamfélag í innngildingu íbúa. Þessi atriði leggja áherslu á aukið samráð, betri aðgengi að upplýsingum, íslenskukennslu, stuðning við atvinnuþróun, og fleiri tækifæri til félagslegrar þátttöku. Aðgerðirnar beinast að því að tryggja jafna möguleika allra íbúa til að taka þátt í samfélaginu óháð uppruna, og stuðla þannig að fjölbreyttara og samheldnara samfélagi. Þetta er grunnurinn að sjálfbærri samfélagsþróun sem nýtist öllum íbúum til framtíðar.

Lína Björg Tryggvadóttir

Byggðarþróunarfulltrúi